

Stjórnvaldsekt vegna brots á 63. gr. laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti.

Þann 25. janúar 2008 tók stjórn Fjármálaeftirlitsins ákvörðun um að sekta varamann í stjórn Nýherja hf., Örn D. Jónsson, vegna brots á 63. gr. þágildandi laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti (vvl).

Fjármálaeftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að fruminnherjinn hefði brotið gegn 63. gr. vvl. með því að tilkynna ekki um víðskipti sín innan tilskilinna tímamarka. Um var að ræða víðskipti sem áttu sér stað 31. júlí 2007 en voru ekki tilkynnt Nýherja hf. fyrr en 10. ágúst 2007. Samkvæmt 63. gr. vvl. ber fruminnherja að tilkynna án tafar hafi hann eða aðili fjárhagslega tengdur honum átt víðskipti með bréf útgefandans.

Með vísan til framangreinds, atvika máls að öðru leiti og 74. gr. vvl. var það mat Fjármálaeftirlitsins að hæfileg sekt væri kr. 150.000.